

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2016/EES/19/03

frá 12. desember 2012

um að ákvarða gerð, framsetningu og tíðni upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði

(tilkynnt með númeri C(2012) 9181)

(2012/795/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin hefur tekið saman spurningalista til að skilgreina þær upplýsingar sem aðildarríkin skulu gera aðgengilegar vegna skýrslugjafar um framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB á tímabilinu 2013 til 2016.
- 2) Aðildarríkjunum ætti að vera skylt að leggja fram svör við spurningalista sem nær eingöngu til ársins 2013 í því skyni að upplýsa um ráðstafanir sem aðildarríkin hafa gert til að framkvæma kröfurnar í tilskipun 2010/75/ESB sem voru ekki þegar í gildi í samræmi við tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá titandíoxíðiðnaði ⁽²⁾, tilskipun ráðsins 82/883/EBE frá 3. desember 1982 um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá titandíoxíðiðnaði er settur ⁽³⁾, tilskipun ráðsins 92/112/EBE frá 15. desember 1992 um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá titandíoxíðiðnaði ⁽⁴⁾, tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ⁽⁵⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ⁽⁶⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið ⁽⁷⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun ⁽⁸⁾, áður en þær eru felldar úr gildi með tilskipun 2010/75/ESB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 349, 19.12.2012, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 54, 25.2.1978, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 378, 31.12.1982, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 409, 31.12.1992, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið ESB L 24, 29.1.2008, bls 8.

- 3) Aðildarríkjunum ætti einnig að vera skylt að leggja fram svör við spurningalista til að gefa skýrslu fyrir tímabilið 2013–2016 um dæmigerð gögn um losun og annars konar mengun, um viðmiðunarmörk fyrir losun, um beitingu 14. og 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB og um árangur varðandi þróun og notkun tækninýjunga í samræmi við 27. gr., sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að afla upplýsinga um almennar framkvæmdarráðstafanir (1. eining), koma á upplýsingaveitu um einstakar stöðvar sem er í samræmi við Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna (2. eining), staðfesta að bestu, fánlegu tækni hafi verið beitt á réttan hátt að því er varðar leyfi (3. eining) og að sannprófa að lágmarkskröfum geira sé beitt (4. eining).
- 4) Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu aðildarríkin gera upplýsingarnar aðgengilegar á rafrænu formi.
- 5) Til að tryggja samræmi og samfellu í upplýsingum aðildarríkjanna ætti framkvæmdastjórnin, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, að þróa sérstakt rafrænt skýrslusnið.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. gr.***Skýrslugjöf aðildarríkjanna**

Aðildarríkin skulu gera framkvæmdastjórn Evrópusambandsins aðgengilegar upplýsingar um framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB með því að svara spurningalistunum, sem settir eru fram í I. og II. viðauka, og nota til þess sérstakt rafrænt snið sem skal þróað til þessarar skýrslugjafar.

Svar við spurningalistanum sem er settur fram í I. viðauka skal lagt fram eigi síðar en 30. september 2014.

Svar við spurningalistanum sem er settur fram í II. viðauka skal lagt fram eigi síðar en 30. september 2017.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Spurningalisti um framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB eins og um getur í annarri málsgrein 1. gr.*Almennar athugasemdir:*

- a) Svörin við þessum spurningalista skulu taka til tímabilsins frá 7. janúar 2013 til 31. desember 2013.
- b) Ef leitast er með tiltekinni spurningu eftir upplýsingum um breytur, sem eru mismunandi eftir tíma, ætti svarið að gefa til kynna aðstæður frá og með 31. desember 2013.
- c) Í svörunum við spurningunum hér á eftir skal einungis gefa upplýsingar um breytingar sem aðildarríki hafa gert í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum tilskipunar 2010/75/ESB sem um getur í 1. mgr. 80. gr. hennar.
- d) Í þessum spurningalista skal skilja „stefnu eða leiðbeiningar aðildarríkis“ sem gildandi framkvæmdarráðstöfun sem sett er fram eða sem gripið er til á landsbundnum, svæðisbundnum eða staðbundnum vettvangi. Ef aðildarríki óskar eftir að láta fylgja upplýsingar um löggjöf sem leiðir tilskipun 2010/75/ESB í landslög kemur það ekki í veg fyrir nauðsyn þess að aðildarríkin uppfylli kröfurnar í 2. mgr. 80 gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

1. Ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum (8. gr.)

Hvaða viðmiðanir má nota til að ákveða hvort það að ekki sé farið að leyfisskilyrðum valdi „bráðri hættu fyrir heilbrigði manna eða gæti valdið bráðum og umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið“?

2. Leyfisskilyrði (14. gr.)

Leggið fram samantekt á stefnu eða leiðbeiningum aðildarríkis um eftirfarandi málefni og, ef hún er birt á Netinu, tengil þar sem hana má finna:

- 2.1. Hvernig er tryggt að niðurstöður um bestu, fánlegu tækni séu notaðar sem viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða (3. mgr. 14. gr.)?
- 2.2. Hversu mörg lögbær yfirvöld setja strangari leyfisskilyrði en þau sem fá má með því að nota bestu, fánlegu tækni (BAT) eins og lýst er í niðurstöðunum um bestu, fánlegu tækni (4. mgr. 14. gr.)

3. Viðmiðunarmörk fyrir losun, jafngildar breytur og tæknilegar ráðstafanir (15. gr.)

Leggið fram samantekt á stefnu eða leiðbeiningum aðildarríkis um eftirfarandi málefni og, ef hún er birt á Netinu, tengil þar sem hana má finna:

- 3.1. Hvernig eru viðmiðunarmörk fyrir losun sett í tengslum við „losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni“ sem sett eru fram í niðurstöðunum um bestu, fánlegu tækni (3. mgr. 15. gr.)?
- 3.2. Hvernig eru undanþágur frá 3. mgr. 15. gr. veittar (4. mgr. 15. gr.)?
- 3.3. Hvernig fer kostnaðar- og ábatagreiningin fram sem liggur til grundvallar slíkum undanþágum og hvað telst „óeðlilega mikill kostnaður í samanburði við umhverfislegan ávinning“? (4. mgr. 15. gr.)?
- 3.4. Eru einhverjar takmarkanir á umfangi eða tímalengd undanþágna (4. mgr. 15. gr.)?
- 3.5. Hvernig eru tímabundnar undanþágur veittar frá kröfunum í 11. gr. (a- og b-lið) og frá 15. gr. (2. og 3. mgr.) að því er varðar prófanir og notkun á tækninýjungum (5. mgr. 15. gr.)?

4. Kröfur um vöktun (16. gr.)

Leggið fram samantekt á stefnu eða leiðbeiningum aðildarríkis um eftirfarandi málefni og, ef hún er birt á Netinu, tengil þar sem hana má finna:

- 4.1. Hvernig er tryggt að niðurstöður um bestu, fánlegu tækni séu notaðar sem grundvöllur til að skilgreina kröfur um vöktun í leyfum (1. mgr. 16. gr.)?
- 4.2. Hvernig er tíðni reglubundnar vöktunar að því er varðar jarðveg og grunnvatn ákvörðuð (2. mgr. 16. gr.)?

- 4.3. Hvernig er „kerfisbundið mat á áhættu á mengun“ notað til að réttlæta vöktun að því er varðar jarðveg og grunnvatn með minni tíðni en kveðið er á um (2. mgr. 16. gr.)?
5. **Almennar bindandi reglur (17. gr.)**
Ef almennum bindandi reglum er beitt til framkvæmdar á tilskipun 2010/75/ESB:
- 5.1. Hvaða kröfur, starfsemi (sem skráð er í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB) og mengunarefni falla undir almennu bindandi reglurnar?
- 5.2. Hvernig tryggja almennar bindandi reglur „samþætta stefnu og hátt umhverfisverndarstig sem jafngildir því sem hægt er að ná með sérstökum leyfisskilyrðum fyrir hverja stöð“ (1. mgr. 17. gr.)?
- 5.3. Hvernig er það tryggt að almennu bindandi reglurnar „byggist á bestu, fánlegu tækni“ (2. mgr. 17. gr.)?
- 5.4. Hvernig eru almennu bindandi reglurnar „uppfærðar til að taka tillit til þróunar á bestu, fánlegu tækni“ (3. mgr. 17. gr.)?
- 5.5. Hvaða tilvísanir eru gerðar í tilskipun 2010/75/ESB þegar almennu bindandi reglurnar eru „birtar opinberlega“ (4. mgr. 17. gr.)?
- 5.6. Ef almennu bindandi reglurnar eru birtar á Netinu skal tilgreina tengil þar sem þær má finna.
6. **Þróun á bestu, fánlegu tækni (19. gr.)**
- 6.1. Hvernig fylgjast lögbær yfirvöld með eða eru upplýst um útgáfu nýrra eða uppfærðra niðurstaðna um bestu, fánlegu tækni?
- 6.2. Hvernig gera lögbæru yfirvöldin þær upplýsingar aðgengilegar þeim hluta almennings sem málið varðar?
7. **Endurmat á leyfum og uppfærsla á þeim (21. gr.)**
Leggið fram samantekt á stefnu eða leiðbeiningum aðildarríkis um eftirfarandi þætti málsmeðferðar við endurmat og uppfærslu á leyfisskilyrðum og, ef hún er birt á Netinu, leggið fram tengil:
- 7.1. Hvaða upplýsinga er oftast óskað eftir frá rekstraraðilum að því er varðar endurmat á leyfi/uppfærslu (2. mgr. 21. gr.)?
- 7.2. Hvernig er „aðalstarfsemi“ stöðvar skilgreind og/eða ákvörðuð (3. mgr. 21. gr.)?
- 7.3. Hvernig er endurskoðun/uppfærsla leyfis hrundið af stað í tilvikum sem tengjast umtalsverðri mengun, rekstraröryggi eða nýjum eða endurskoðuðum umhverfsgæðakröfum (5. mgr. 21. gr.)?
8. **Lokun svæðis (22. gr.)**
- 8.1. Hvernig er það ákveðið hvaða starfsemi útheimtir skýrslu um grunnástand, einkum:
- a) Hvaða starfsemi, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, hefur að jafnaði falið í sér „notkun, framleiðslu eða losun viðkomandi hættulegra efna“ (2. mgr. 22. gr.)?
- b) Hvernig er gefinn gaumur að „mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á stöðvarsvæðinu“ (2. mgr. 22. gr.)?
- c) Hvaða upplýsingar ber rekstraraðilum að setja í skýrslur um grunnástand (2. mgr. 22. gr.)?
- d) Hvernig hafa leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar um „innihald skýrslunnar um grunnástand“ verið notaðar í þessu samhengi (2. mgr. 22. gr.)?
- 8.2. Við endanlega stöðvun starfsemi:
- a) Hvernig meta rekstraraðilar „stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar“ (3. mgr. 22. gr.)?
- b) Hvernig er það ákvarðað hvort stöð hefur valdið „umtalsverðri mengun í jarðvegi eða grunnvatni“ (3. mgr. 22. gr.)?

- c) Hvernig er það ákvarðað hvort mengun jarðvegs og grunnvatns „veldur umtalsverðri áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið“ (3. mgr. 22. gr.)?
- d) Hvernig er það ákvarðað hvaða nauðsynlegu „ráðstafanir“ rekstraraðilar skulu gera (3. og 4. mgr. 22. gr.)?

9. Umhverfiseftirlit (23. gr.)

- 9.1. Hvaða umhverfiseftirlitsáætlanir hafa verið gerðar? Hvað innihalda þær? Hvar eru þær aðgengilegar öllum? Ef þær eru birtar á Netinu skal gefa upp viðkomandi tengil (2. mgr. 23. gr.)
- 9.2. Hvaða „áætlanir um reglubundið umhverfiseftirlit“ hafa verið samdar? Hvað innihalda þær? Hvar eru þær aðgengilegar öllum? Ef þær eru birtar á Netinu skal gefa upp viðkomandi tengil. (4. mgr. 23. gr.)?
- 9.3. Hvernig eru umhverfisáhættur stöðva „metnar kerfisbundið“ með tilliti til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsókna? Leggið fram samantekt og tilvísun í viðeigandi leiðbeiningar. (4. mgr. 23. gr.)?
- 9.4. Við hvaða aðstæður fer „óvenjubundið umhverfiseftirlit“ fram (5. mgr. 23. gr.)?
- 9.5. Hvaða upplýsingar eru venjulega í skýrslum um vettvangsheimsóknir? Hvernig er rekstraraðilanum kynntar þessar skýrslur? Hvernig eru þær gerðar aðgengilegar öllum? Eru einhverjar aðstæður sem leiddu til þess að slíkar skýrslur hafa ekki verið gerðar aðgengilegar öllum, með tilliti til ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE ⁽⁹⁾ (6. mgr. 23. gr.)?
- 9.6. Hvaða fyrirkomulag er fyrir hendi til að tryggja að rekstraraðilar geri þær „nauðsynlegu ráðstafanir“ sem tilgreindar eru í skýrslunni um vettvangsheimsókn (6. mgr. 23. gr.)?

10. Aðgangur að upplýsingum og þátttaka almennings (24. gr.)

- 10.1. Hvernig er almenningi gefið „snemma tækifæri til skilvirkrar þátttöku“ í ákvarðanatöku vegna veitingar eða uppfærslu leyfa, einkum ef undanþágur skv. 4. mgr. 15. gr. eru lagðar til (1. mgr. 24. gr.)?
- 10.2. Hvernig eru upplýsingarnar gerðar aðgengilegar almenningi (2. og 3. mgr. 24. gr.)?
- 10.3. Eru allar viðeigandi upplýsingar gerðar aðgengilegar á Netinu (a-, b- og f-liður 2. mgr. 24. gr. og a-liður 3. mgr. 24. gr.)?

11. Tækninýjungar (27. gr.)

Hvernig hvetja aðildarríki til þróunar og notkunar á tækninýjungum, einkum þeim sem tilgreindar eru í tilvísunarskjölum um bestu fáanlegu tækni (1. mgr. 27. gr.)?

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

II. VIÐAUKI

Spurningalisti um framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB eins og um getur í þriðju málsgrein 1. gr.*Almennar athugasemdir:*

- a) Spurningalistinn tekur til tímabilsins frá 7. janúar 2013 til 31. desember 2016.
- b) Ef leitast er með tiltekinni spurningu eftir upplýsingum um breytur, sem eru mismunandi eftir tíma, ætti svarið að gefa til kynna aðstæður frá og með 31. desember 2016.

1. EINING — UPPFÆRSLA Í TENGLUM VIÐ FRAMKVÆMD

Athugasemd við 1. einingu:

Gildissvið þessara spurninga tekur til stöðva sem falla undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB.

1. **Framkvæmd – breytingar**

Hafa verið gerðar verulegar breytingar á framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB frá því á síðasta skýrslutímabili, miðað við upplýsingarnar sem lagðar voru fram sem svar við spurningalistanum í tengslum við fyrstu skýrslugjöf samkvæmt tilskipuninni um losun í iðnaði? Leggið fram uppfærðar upplýsingar ef svo er með því að lýsa breytingunum og ástæðunum fyrir þeim og tilgreinið tilvísanir þar sem við á.

2. **Framkvæmd — erfiðleikar**

Hafa komið upp erfiðleikar við beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla sem samþykkt eru í samræmi við 1. mgr. 80. gr.? Ef svarið er já skal lýsa þessum erfiðleikum ásamt ástæðunum fyrir þeim.

2. EINING – UPPLÝSINGAR UM EINSTAKAR STÖÐVAR

Athugasemd við 2. einingu:

Millivísanir í aðra löggjöf ESB eru einungis til að sýna að slík samverkan er fyrir hendi. Þeim er ekki ætlað að kortleggja nákvæmlega tengslin milli stöðva sem falla undir hvert þessara kerfa.

3. **Leggið fram eftirfarandi upplýsingar fyrir allar stöðvar sem falla undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði**

3.1. Almennar upplýsingar:

	Reitur	Lýsing
3.1.1	Tilvísunarnúmer stöðvarinnar sem fellur undir tilskipunina um losun í iðnaði	Sérstakt kennimerki stöðvar að því er varðar tilskipun 2010/75/ESB.
3.1.2	Tilvísunarnúmer stöðvarinnar sem fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB ⁽¹⁾ (valfrjálst)	Ef stöðin, sem fellur undir tilskipunina um losun í iðnaði, fellur að hluta til eða að öllu leyti undir reglugerð (EB) nr. 166/2006 skal gefa upp kenninúmerið sem notað er við skýrslugjöf stöðvarinnar samkvæmt þeirri reglugerð.
3.1.3	Tilvísunarnúmer stöðvarinnar sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB ⁽²⁾ (valfrjálst)	Ef stöðin, sem fellur undir tilskipunina um losun í iðnaði, fellur að hluta til eða að öllu leyti undir tilskipun 2012/18/ESB skal gefa upp sérstaka kennimerkið sem er notað í upplýsingaöflunarkerfi Serveso-stöðva (SPIRS).
3.1.4	Tilvísunarnúmer stöðvarinnar sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽³⁾ (valfrjálst)	Ef stöðin, sem fellur undir tilskipunina um losun í iðnaði, fellur að hluta til eða að öllu leyti undir tilskipun 2003/87/ESB skal gefa upp sérstakt skráningarkennimerki (e. <i>unique registry identifier</i>) úr viðskiptadagbók ESB.
3.1.5	Heiti stöðvar	Á sniði sem er í samræmi við reitinn „heiti rekstrareiningarinnar“ sem notaður er við skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006, ef unnt er.

	Reitur	Lýsing
3.1.6	Starfsemi sem fellur undir tilskipun 2010/75/EBE	Öll starfsemi sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB sem fer fram í stöðinni.
3.1.7	Aðrir kaflar í tilskipun 2010/75/ESB sem eiga við	Tilgreinið hverjir af eftirfarandi III. kafla, IV. kafla, V. kafla og VI. kafla í tilskipun 2010/75/ESB eiga einnig við um stöðina (eða hlutar þeirra).

3.2. Samskiptaupplýsingar:

	Reitur	Lýsing
3.2.1	Heiti rekstraraðila	Á sniði sem er í samræmi við reitinn „heiti móðurfélags“ sem notaður er við skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006, ef unnt er.
3.2.2	Heimilisfang stöðvar — gata, bær, póstnúmer og land	Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu ⁽¹⁾ , og á sniði sem er í samræmi við reitina „heimilisfang“, „bær/staður“, „póstnúmer“ og „land“ sem notaðir eru við skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006, ef unnt er.
3.2.3	Breiddar- og lengdargráða stöðvar	Í samræmi við tilskipun 2007/2/EC og á sniði sem er í samræmi við reitinn „staðsetningarhnit“ sem notaður er við skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006, ef unnt er.

3.3. Lögbær yfirvöld:

	Reitur	Lýsing
3.3.1	Lögbært yfirvald að því er varðar leyfisveitingu	Heiti lögbærs yfirvalds/lögbærra yfirvalda og tölvu-póstfang/-póstföng
3.3.2	Lögbært yfirvald að því er varðar eftirlit og framfylgd	Heiti lögbærs yfirvalds/lögbærra yfirvalda og tölvu-póstfang/-póstföng
3.3.3	Heildarfjöldi vettvangsheimsókna lögbærra yfirvalda (4. mgr. 23. gr.)	Heildarfjöldi á sérhverju ári 2013, 2014, 2015 og 2016.

3.4. Upplýsingar um leyfi:

	Reitur	Lýsing
3.4.1	Veftengill á virk leyfi	Eins og krafist er í 2. mgr. 24. gr.
3.4.2	Hefur stöðin hlotið undanþágu skv. 4. mgr. 15. gr.?	Já/nei
3.4.3	Hefur verið tekin saman skýrsla um grunnástand skv. 22. gr.?	Já/nei

⁽¹⁾ Stjúið. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1.⁽²⁾ Stjúið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1.⁽³⁾ Stjúið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.⁽⁴⁾ Stjúið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

3. EINING – ÁHERSLUR ER VARÐA GEIRA

Athugasemdir við 3. einingu:

Gildissvið þessarar einingar eru stöðvar þar sem birtar ákvarðanir um niðurstöður um bestu, fánlegu tækni hafa haft í för með sér endurmat/uppfærslu á leyfi á skýrslutímabilinu, þ.e. stöðvar þar sem aðalstarfsemin fellur undir:

- Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/134/ESB frá 28. febrúar 2012 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna framleiðslu á gleri ⁽¹⁰⁾ eða
- Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/135/ESB frá 28. febrúar 2012 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna framleiðslu á járn og stáli ⁽¹¹⁾.

4. Leyfisskilyrði (14. gr.)

Hafa einhverjar aðrar upplýsingar en besta, fánlega tækni verið notaðar sem viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða (3. mgr. 14. gr.)?

5. Strangari leyfisskilyrði (4. mgr. 14. gr. og 18. gr.)

- 5.1. Hvaða umhverfisgæðakröfur krefjast strangari leyfisskilyrða en hægt er að uppfylla með bestu, fánlegu tækni og hvaða viðbótarráðstafanir fölu leyfin í sér (18. gr.)?
- 5.2. Gefið dæmi um aðrar aðstæður þar sem lögbær yfirvöld hafa, skv. 4. mgr. 14. gr., sett strangari leyfisskilyrði en hægt er að uppfylla með bestu, fánlegu tækni.

6. Setning leyfisskilyrða þegar viðeigandi niðurstöður um bestu, fánlegu tækni eru ekki fyrir hendi (5. og 6. mgr. 14. gr.)

- 6.1. Lýsið málsmeðferð við setningu leyfisskilyrða og gefið dæmi:
 - a) á grundvelli bestu, fánlegu tækni sem er ekki lýst í viðeigandi niðurstöðum um bestu, fánlegu tækni (5. mgr. 14. gr.),
 - b) á grundvelli bestu, fánlegu tækni sem hefur verið ákvörðuð í samráði við rekstraraðilann þar eð „starfsemi eða vinnsluferli sem fer fram innan stöðvar“ fellur ekki undir neinar af niðurstöðunum um bestu, fánlegu tækni eða þar sem þessar niðurstöður „fjalla ekki um öll möguleg umhverfisáhrif starfseminnar eða ferlisins“ (6. mgr. 14. gr.).
- 6.2. Að því er varðar fyrrgreind dæmi skal tilgreina:
 - a) hvers vegna upplýsingarnar í niðurstöðunum um bestu, fánlegu tækni áttu ekki við,
 - b) hvaða viðbótarupplýsingar voru notaðar til að greina bestu, fánlegu tækni,
 - c) hvernig tekið var sérstakt mið af viðmiðuninum í III. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB.

7. Viðmiðunarmörk fyrir losun, jafngildar breytur og tæknilegar ráðstafanir (15. gr.)

- 7.1. Að því er varðar leyfi með ein eða fleiri viðmiðunarmörk fyrir losun sem eru önnur en þau losungargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni í niðurstöðunum um bestu, fánlegu tækni að því er varðar gildi, tímabil eða viðmiðunaraðstæður (b-liður 3. mgr. 15. gr.):
 - a) lýsið eðli þessara mismunandi viðmiðunarmarka fyrir losun og gefið dæmi,
 - b) gefið dæmi, með því að nota samantekt gagna sem um getur í ii. lið d-liðar 1. mgr. 14. gr., sem sýna hvernig vöktun á losun hefur verið notuð til að „ tryggja að losun við venjulegar rekstraraðstæður hafi ekki farið yfir losunargildin sem tengjast bestu, fánlegu tækni“ (önnur undirgrein 3. mgr. 15. gr.).
- 7.2. Að því er varðar allar stöðvar sem hafa hlotið undanþágu skv. 4. mgr. 15. gr. skal tilgreina:
 - a) upptök losunar sem njóta undanþágu,
 - b) losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni sem falla undir undanþágu,
 - c) raunveruleg viðmiðunarmörk fyrir losun,
 - d) umbreytingarfrest eða -fresti sem veittir eru til að fara að 3. mgr. 15. gr., ef einhverjir eru,
 - e) vefsetur með upplýsingum um beitingu undanþágna í tengslum við 4. mgr. 15. gr. (f-liður 2. mgr. 24. gr.).

7.3. Hafa verið veittar tímabundnar undanþágur vegna prófana og notkunar á tækninýjungum (5. mgr. 15. gr.)?

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 70, 8.3.2012, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 70, 8.3.2012, bls. 63.

8. Vöktun (16. gr.)

- 8.1. Hvaða vöktunartíðni hefur almennt verið fastsett í leyfum í tengslum við losun í andrúmsloft, losun í vatn, losun í jarðveg/grunnvatn og aðrar viðkomandi vinnslubreytur?
- 8.2. Hvernig hafa niðurstöður um bestu, fánlegu tækni verið notaðar til að ákvarða þessa tíðni?

9. Endurmat og uppfærsla lögbærs yfirvalds á leyfisskilyrðum (21. gr.)

Að því er varðar öll endurmöt á leyfum sem er ekki lokið fyrir 8. mars 2016 skal tilgreina:

- a) heiti stöðvarinnar og tilvísunarnúmer leyfis,
- b) ástæðu þess að endurmati er ekki lokið,
- c) dagsetningu þegar lokið verður við endurmat.

10. Annað

Eru einhverjar athugasemdir í tengslum við hugsanleg vandamál við notkun niðurstaðna um bestu, fánlegu tækni að því er varðar geirana tvo sem falla undir gildissvið þessarar 3. einingar?

4. EINING – LÁGMARKSKRÖFUR**11. Brennsla og sambrennsla úrgangs:**

Að því er varðar stöðvar sem falla undir IV. kafla tilskipunar 2010/75/ESB:

- 11.1. Tilgreinið stöðvarnar, sem lögbær yfirvöld hafa heimilað rekstrarskilyrði fyrir skv. 1., 2. og 3. mgr. 51. gr., auk rekstrarskilyrða í raun, sem eru heimiluð, og niðurstaðna sannprófana sem gerðar eru í þessu tilliti (4. mgr. 51. gr.).
- 11.2. Að því er varðar hverja sorpbrennslustöð og sorpsambrennslustöð með nafnrúmtak 2 tonn eða meira á klukkustund skal leggja fram:
- a) upplýsingar um rekstur og vöktun stöðvarinnar,
 - b) greinargerð um keyrslu brennslu- eða sambrennsluferlisins (þar sem tilgreindar eru rekstrarstundir ásamt fjölda bilana og samanlagðri tímalengd bilana, ef upplýsingar liggja fyrir),
 - c) upplýsingar um magn losunar út í andrúmsloft og vatn í samanburði við viðmiðunarmörkin fyrir losun,
 - d) lýsingu á því hvernig þessar upplýsingar hafa verið gerðar aðgengilegar almenningi, þ.m.t. tengill á viðeigandi vefsetur sem hafa verið sett upp í þeim tilgangi (2. mgr. 55. gr.).

12. Losun á leysum

Að því er varðar stöðvar sem falla undir V. kafla tilskipunar 2010/75/ESB:

- 12.1. Ef aðildarríki hafa valið að nota skerðingarátætlun (eins og lýst er í 5. hluta í VII. viðauka) í stað viðmiðunarmarka fyrir losun, hvernig gengur að ná jafngildri minnkun losunar (b-liður 1. mgr. 59. gr.)?
- 12.2. Tilgreinið þær stöðvar sem hafa fengið undanþágur í samræmi við 2. eða 3. mgr. 59. gr. ásamt rökstuðningi fyrir veitingu slíkra undanþágna.